

Ár 2014, miðvikudaginn 26. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 6/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 18. mars 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þessa að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði ná tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 23. apríl 2014 og henni gefinn andmælafrestur til 21. maí. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 17. maí og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði ódagsettu var tíkin XX pöruð við rakkann ZZ hinn 19. október 2013. Hundarnir eru af kyninu Coton de tulear og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri samkvæmt reglum félagsins. Telur kærandi að við pörunina hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að hún hefði fengið rakka til sín í stutta heimsókn og ætlunin hefði verið að para tíkina við hann þegar hún hefði aldur til. Ekki var vitað að tíkin væri tilbúin til pörunar en svo reyndist vera og paraðist tíkin 21 degi fyrir tilskilinn aldur. Kærða biðst innilega afsökunar á þessu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3. ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands”

Og í reglugerð um ættbókarskráningu segir:

„Lágmarksaldur eftirtalinna tíka við pörun er 20 mánaða (skv. beiðni Smáhundadeildar 01.08.2010): Chinese crested, coton de tulear, griffon bruxellois, griffon belge, japanskur chin, maltese, petit brabançon, pug, boston terrier, franskur bulldog, havanese, og Russky toy. (Á við allar hundategundir innan Smáhundadeildar).

Í málinu liggur ljóst fyrir að við pörun hafði tíkin ekki ná tilskildum lágmarksaldri sem Smáhundadeild HRFÍ biður um og hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins, hún játaði brot sitt skýlaust og baðst afsökunar. Siðanefnd þykir því hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir